

# Lokaskýrsla fyrir seinni hluta verkefnisins Íslensk búfjarkyn App

Seinni hluta verkefnisins Íslensk búfjarkyn - gerð smáforrits - er nú lokið og samkvæmt styrkumsókn til Erfðanefndar landbúnaðarins hefur þremur verkþáttum verið lokið til viðbótar við fyrsta hlutann.

Smáforritið er nú einnig aðgengilegt í App Store (IOS-stýrikerfi Apple) en í fyrri hlutanum var það eingöngu komið í Google Play (Android-stýrikerfið). Þá er komin viðbót við smáforritið sem felst í nýjum möguleikum fyrir notendur að tengjast við „beint frá býli-bæi“, sveitamarkaði og opin býli sem notendur appsins geta rakið sig að, eftir gagnvirku landakorti. Loks hefur verið sett upp sér svæði í smáforritinu fyrir íslenska texta um búfjarkynin.

Útgáfan (version 1,3) heitir á markaðstorgunum Icelandic Animal Breeds. Aðalefni smáforritsins eru stuttar en skýrar grunnupplýsingar á textaformi um sérkenni og eiginleika hvers og eins búfjarkyns. Eins er myndasafn fyrir hvert og eitt búfjarkyn til að sýna fjölbreytileika í litum og útliti. Upplýsingar um sveitamarkaði og beint frá býli-söluaðila, með gagnvirku landakorti, er svo nýleg viðbót og svo íslenskar textaupplýsingar.

Hugmyndin með smáforritinu var einkum sú að ferðamenn á ferð um íslensku þjóðvegina geti gripið í aðgengilegar og alþýðlegar upplýsingar um áhugaverðu íslensku húsdýrin sem mæta þeim – og hin sem eru ekki sýnileg.

*Virðingarfyllt, Sigurður Már Harðarson.*

Hér að neðan eru nokkrar skjámyndir úr smáforritinu sem ættu að gefa hugmynd um útlitið og uppsetningu á smáforritinu auk nýlegra viðbóta.



*An Icelandic cow in summer, near Vík in Mýrdal, a village located in south of Iceland.*

Artificial insemination with deep-frozen semen is used in practically all herds since around 1970. Production records are kept for 99% of the cow population and are collected into a digital database "Huppa" since 2008. Almost all milk production in Iceland takes place on farms that keep records in Huppa.



*A white calf, a rare colour variety*

